

LANDSRÉTTUR

Dómur fimmtudaginn 21. maí 2026.

Mál nr. 369/2025:

Ákærvaldið

(Einar Tryggvason saksóknari)

gegn

Eiríki Hilmarssyni

(Sveinn Andri Sveinsson lögmaður)

Lykilorð

Einkahlutafélag. Skattalög. Virðisaukaskattur. Staðgreiðsla opinberra gjalda. Sect.

Útdráttur

E voru gefin að sök meiri háttar brot gegn skattalögum sem daglegur stjórnandi B ehf. Með hinum áfrýjaða dómi var E sakfelldur samkvæmt ákæru og gert að sæta fangelsi í 10 mánuði en fullnustu refsingarinnar var frestað skilorðsbundið í tvö ár. Ásamt því var hann dæmdur til greiðslu sektar. Byggði E varnir sínar á því að hann hefði ekki borið ábyrgð á skilum félagsins á innheimtum virðisaukaskatti, afdreginni staðgreiðslu eða skilagreinum til skattfyrivalda. Hefði hann enga fjármálastjórn haft með höndum og hvorki fært né haldið utan um bókhald félagsins. Í dómi Landsréttar var rakið að E hefði ítrekað komið fram fyrir hönd félagsins í samskiptum við viðskiptamenn og þá bæru ýmis tölvupóstsamskipti með sér að E hefði haft með fjárhagsleg málefni félagsins að gera. Til viðbótar hefði E verið í samskiptum við skattfyrirvöld ásamt því að semja um og viðurkenna skattskuld félagsins gagnvart þeim. Var ekki talið samkvæmt gögnum málsins og framburði meðákærða í héraði eða annarra vitna að E hefði einungis sinnt verkstjórn og skipulagi þjónustu hjá félaginu. Samkvæmt því en að öðru leyti með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms var hann staðfestur um sakfellingu E og heimfærslu brota til refsíákvæða. Þá var ákvörðun héraðsdóms um fangelsisrefsingu E staðfest og hann dæmdur til greiðslu sektar.

Dómur Landsréttar

Mál þetta dæma landsréttardómarnir Ingibjörg Þorsteinsdóttir, Kristbjörg Stephensen og Ragnheiður Harðardóttir.

Málsmeðferð og dómkröfur aðila

- Ríkissaksóknari skaut málinu til Landsréttar 12. maí 2025 í samræmi við yfirlýsingu ákærða um áfrýjun. Málsgögn bárust réttinum 21. nóvember 2025. Áfrýjað er dómi Héraðsdóms Reykjaness 28. mars 2025 í málinu nr. S-[...]/2024.
- Ákærvaldið krefst þess að refsing ákærða verði þyngd.

- 3 Ákærði krefst sýknu af kröfum ákærvaldsins en til vara lækkun refsingar.

Málsatvik og sönnunarfærsla

- 4 Gerð er grein fyrir atvikum máls í hinum áfrýjaða dómi. Þá eru þar reifaðar skýrslur ákærða, meðákærða í héraði og vitna við aðalmeðferð málsins í héraði. Við aðalmeðferð málsins fyrir Landsrétti voru hljóð- og myndupptökur af þessum skýrslum spilaðar, það er skýrsla ákærða, meðákærða í héraði, Y og vitnanna C og D. Þá gáfu ákærði og meðákærði í héraði viðbótarskýrslur fyrir Landsrétti. Jafnframt gaf vitnið C viðbótarskýrslu fyrir Landsrétti um fjarfundabúnað.
- 5 Ákærði hefur lagt fyrir Landsrétt tölvupóstsamskipti verjanda síns og skiptastjóra B ehf. 29. janúar 2025 og 5. janúar 2026 ásamt endurritum af skýrslum fyrirvarsmanns félagsins hjá skiptastjóra 28. desember 2020 og 18. febrúar 2021. Þá hefur ákærvaldið lagt fram greiðsluáætlun B ehf. hjá ríkisskattstjóra 27. nóvember 2019 vegna staðgreiðslu opinberra gjalda máí til ágúst sama ár, sem undirrituð er af ákærða.
- 6 Í viðbótarskýrslu sinni fyrir Landsrétti staðfesti ákærði framburð sinn í héraði og greindi meðal annars frá því að hann væri viðskiptafræðingur að mennt og hefði jafnframt próf í verkefnastjórnun og markþjálfun en reynsla hans af fyrirtækjarekstri hefði helst falist í verkefnastjórnun og því að sinna markaðsmálum. Þá staðfesti hann að hafa ritað undir framangreinda greiðsluáætlun en kvaðst þó ekki muna eftir því að hafa verið í samskiptum við skattyfirvöld. Meðákærði í héraði hefði vafalaust, eftir samtal við fyrirvarsmann B ehf., beðið ákærða um að fara til skattyfirvalda og ganga frá slíkri áætlun. Um viðvik hefði verið að ræða enda hefði ákærði ekki að neinu leyti séð um fjármál félagsins. Hann hefði því ekki litið svo á að hann bæri ábyrgð á því að félagið stæði við greiðsluáætlunina. Jafnframt bar hann að öll tölvupóstsamskipti hans við viðskiptavini B ehf., sem borin voru undir hann og vörðuðu fjárhagsleg málefni félagsins, hefðu einvörðungu átt sér stað vegna þess að hann hefði í þau skipti verið beðinn sérstaklega um að sinna þeim. Slík samskipti hefðu annars ekki verið á hans ábyrgð. Hann hefði aðeins verið að hjálpa til. Lutu þessir tölvupóstar meðal annars að útgáfu reikninga til viðskiptavina og því að ganga eftir greiðslu reikninga.
- 7 Í viðbótarskýrslu sinni fyrir Landsrétti staðfesti meðákærði í héraði framburð sinn þar fyrir dómi. Þá minntist hann þess ekki að hafa beðið ákærða að ganga frá greiðsluáætlun hjá skattyfirvöldum. Sömuleiðis minntist hann þess ekki að hafa beðið ákærða sérstaklega um að sinna einstökum tölvupóstsamskiptum er vörðuðu fjárhagsleg málefni B ehf. og borin voru undir vitnið.
- 8 Vitnið C staðfesti fyrir Landsrétti skýrslu sína í héraði. Vitnið kannaðist ekki við að hafa beðið meðákærða í héraði að semja við skattyfirvöld. Það hefði áframsent alla tölvupósta sem því bárust og vörðuðu B ehf. til meðákærða í héraði en hefði að öðru leyti ekki haft nein afskipti af félaginu vegna þess slyss sem það varð fyrir 19. október 2019. Þá bar vitnið að það hefði aðeins verið undir lokin á rekstri B ehf., þegar því voru farnar að berast greiðsluáskoranir, að það reyndi að kynna sér stöðu félagsins

með því að skoða bankareikning þess í heimabanka og spyrja meðákærða í héraði út í einstakar færslur. Spurt út í skýrslur sínar hjá skiptastjóra svaraði vitnið því til að það hefði reynt að svara spurningum skiptastjóra eftir bestu getu en hefði í reynd lítið sem ekkert vitað um rekstur félagsins.

Niðurstaða

- 9 Eins og fram kemur í hinum áfrýjaða dómi eru ákærða, með ákæru 26. september 2024, gefin að sök meiriháttar brot gegn skattalögum, sem daglegur stjórnandi einkahlutafélagsins B, með því hafa ekki staðið skil á virðisaukaskattskýrslum og innheimtum virðisaukaskatti vegna nánar tilgreinds tímabils, sem og staðgreiðslu opinberra gjalda og skilagreinum vegna slíkra gjalda yfir nánar tilgreind tímabil. Með hinum áfrýjaða dómi voru ákærði og meðákærði í héraði sakfelldir samkvæmt ákæru. Unir meðákærði niðurstöðu héraðsdóms fyrir sitt leyti og er hans þáttur því ekki til endurskoðunar fyrir Landsrétti.
- 10 Ákærði hefur neitað sök allt frá upphafi. Byggir ákærði sýknukröfu sína á því að hann hafi, sem almennur starfsmaður B ehf., ekki borið ábyrgð á skilum þess á innheimtum virðisaukaskatti, afdreginni staðgreiðslu eða skilagreinum til skattyfirvalda. Hann hafi enga fjármálastjórn haft með höndum og hvorki fært né haldið utan um bókhald félagsins. Hann hafi einvörðungu haft með höndum verkstjórn og skipulag á veitingu þjónustu þess.
- 11 Gögn málsins sýna að ákærði kom ítrekað fram fyrir hönd félagsins í samskiptum við viðskiptamenn þess svo sem rakið er í hinum áfrýjaða dómi. Ekki aðeins ritaði hann undir fjölmarga samninga og skuldbatt þannig félagið samkvæmt þeim heldur liggja jafnframt fyrir ýmis tölvupóstsamskipti sem bera það með sér að ákærði hafi haft með fjárhagsleg málefni félagsins að gera. Þannig liggja meðal annars fyrir tölvupóstsamskipti hans við nánar tilgreint [...] þar sem fram kemur að hann muni, að fengnum ákveðnum upplýsingum, gefa út reikning á hendur því. Af þessum samskiptum má jafnframt ráða að ákærði hafi verið að reka á eftir greiðslu þar sem hann „[þurfi] að gefa út reikning á morgun til þess að greiða laun á föstudag.“
- 12 Þá má nefna tölvupóstsamskipti við annað [...] en ráða má af þeim samskiptum að [...] hafi verið að taka við starfsmönnum frá B ehf. Þar liggur meðal annars fyrir tölvupóstur með efnisfyrirsögninni „Uppgjör“ frá fyrirsvarsmanni [...] 7. janúar 2020, sem sendur var klukkan 11:11 til ákærða og meðákærða í héraði, þar sem hann beindi eftirfarandi fyrirspurn til þeirra: „Hvernig er staðan með opinber gjöld og lífeyrissjóðsgreiðslur hjá starfsfólkinu sem við tókum yfir?“ Ákærði svaraði póstinum 13 mínútum síðar með eftirfarandi hætti:

Staðan á opinberum gjöldum er í þokkalegu horfi. Við erum með samkomulag við skattinn sem við erum að vinna niður og er í skilum.

Varðandi lífeyrissjóð þá erum við nánast með það „up to date“ og ég næ að hreinsa það borð með lokagreiðslunni frá þér.

Eins og ég hef upplýst þig um þá höfum við því miður tapað af verkefninu og tekjur ekki dugað fyrir heildar launakostnaði starfsmanna á staðnum hvað þá annað. Þannig að við þurfum að taka fé úr öðrum verkefnum til þess að hreinsa borðið. Þetta á við um staðgreiðsluna, en lífeyrissjóðir gerum við upp strax.

Samskiptin héldu áfram með tölvupósti frá fyrirsvarsmanni [...] 13. janúar 2020, sem sendur var til ákærða og meðákærða í héraði kl. 16:07, þar sem segir:

Sæll Eiríkur.

Við þurfum að klára þetta mál. Ég hef engan áhuga á að draga þetta frekar en áður.

Ef þú staðfestir við mig að orlof og lífeyrissjóðsgreiðslur fyrir starfsmennina sem komu yfir til okkar um áramótin verði gerð upp með þessari greiðslu, þá ýti ég á hnappinn.

Þú mátt líka færa eindagann fram á 14nda.

Tölvupóstinum svaraði ákærði 17 mínútum síðar með eftirfarandi hætti: „Ég er búinn að færa eindagann á kröfunni fram til 14. jan. Ég staðfesti að ég muni gera upp við starfsfólkið hjá þér með lokagreiðslunni frá ykkur.“

- 13 Til viðbótar framangreindu ber að nefna áðurnefnda greiðsluáætlun B ehf. hjá ríkisskattstjóra 27. nóvember 2019 vegna staðgreiðslu opinberra gjalda tímabilið maí til ágúst sama ár, sem lögð hefur verið fyrir Landsrétt og undirrituð er af ákærða. Samkvæmt því var ákærði fyrir hönd félagsins í samskiptum við skattýfirvöld og samdi um og viðurkenndi skattskuld þess gagnvart þeim.
- 14 Samkvæmt framangreindu fer sá málalíbúnaður ákærða að hann hafi ekki haft með höndum fjárhagsleg málefni B ehf. heldur aðeins sinnt verkstjórn og skipulagi þjónustu ekki saman við fyrirliggjandi gögn. Þá fær hann ekki stuðning í framburði meðákærða eða annarra vitna sem komið hafa fyrir dóm í málinu.
- 15 Samkvæmt framansögðu og að öðru leyti með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms verður hann staðfestur um sakfellingu ákærða og heimfærslu brots ákærða til refsíákvæða.
- 16 Ákærði vísar um varakröfu sína um lækkun refsingar meðal annars til þess að fyrirsvarsmáður B ehf., vitnið C, hefði átt að vera ákærður í málinu. Af þeim sökum krefst ákærði þess að honum verði einvörðungu gert að greiða þriðjung fésektar.
- 17 Ákvæði 1. mgr. 40. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt og 2. mgr. 30. gr. laga nr. 45/1987 um staðgreiðslu opinberra gjalda kveða á um fésektarlágmark í tilvikum eins og því sem hér um ræðir, er nemur tvöfaldri þeirri skattfjárhæð sem undan er dregin og vanrækt var að greiða. Dómaframkvæmd hefur verið á þá leið að þegar fleiri en einn er ákærður og sakfelldur fyrir skattalagabrot hefur fésekt verið skipt milli aðila. Þegar virt eru framangreind ákvæði, sem kveða skýrt á um fésektarlágmark, eru ekki efni til að líta til fullyrðinga ákærða um ætlaða samábyrgð annars einstaklings, vegna starfa eða stöðu þess einstaklings innan félagsins, til viðbótar við þá sem sakfelldir hafa verið. Slíkt kæmi eingöngu til greina ef hann eða aðrir hefðu verið ákærðir og sakfelldir fyrir sömu brot, sbr. dóm Hæstaréttar 3. mars 2011 í máli nr. 71/2010.

- 18 Samkvæmt framansögðu verður hinn áfrýjaði dómur staðfestur um fangelsisrefsingu ákærða og hefur þá verið horft til þess að tafir hafa orðið á málinu sem ákærða verður ekki um kennt. Þá verður ákærða gert að greiða 69.326.256 króna sekt í ríkissjóð en 360 daga fangelsi komi í stað sektarinnar verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna.
- 19 Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað verður staðfest.
- 20 Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Landsrétti sem ákveðin eru að meðtöldum virðisaukaskatti eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður að öðru leyti en því að ákærði, Eiríkur Hilmarsson, greiði 69.326.256 króna sekt til ríkissjóðs innan fjögurra vikna frá uppkvaðningu dóms þessa en sæti ella fangelsi í 360 daga.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, 1.986.571 krónu, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Landsrétti, Sveins Andra Sveinssonar lögmanns, 1.767.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjaness 28. marz 2025

Mál þetta sem dómtekið var að lokinni aðalmeðferð 31. janúar 2025, er höfðað með ákæru héraðssaksóknara útgefinni 26. september 2024, á hendur Y, kt. [...], [...] og Eiríki Hilmarssyni, kt. [...], [...], „fyrir meiriháttar brot gegn skattalögum, sem daglegum stjórnendum einkahlutafélagsins B (nú afskráð), kt. [...], með því að hafa:

- Eigi staðið skil á virðisaukattsskýrslum félagsins uppgjörstímabilin mars - apríl rekstrarárið 2019 til og með september - október rekstrarárið 2020, og fyrir að hafa eigi staðið ríkissjóði skil á virðisaukaskatti sem innheimtur var í starfseminni, vegna sömu uppgjörstímabila, í samræmi við fyrirmæli IX. kafla laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, samtals að fjárhæð kr. 40.702.017, sem sundurliðast sem hér greinir:

2019

mars - apríl	kr.	525.932
maí - júní	kr.	7.204.760
júlí - ágúst	kr.	9.109.271
september - október	kr.	6.742.048
nóvember - desember	kr.	6.273.875
		<hr/>
	kr.	29.855.886

2020

janúar - febrúar	kr.	6.430.284
mars - apríl	kr.	2.325.369
maí - júní	kr.	507.626
júlí - ágúst	kr.	484.307
september - október	kr.	1.098.545
		<hr/>

Samtals: kr. 40.702.017

2. Eigi staðið skil á skilagreinum félagsins vegna staðgreiðslu opinberra gjalda á lögmæltum tíma greiðslutímabilin ágúst rekstrarárið 2019 til og með janúar rekstrarárið 2020 og mars til og með ágúst rekstrarárið 2020 og eigi staðið ríkissjóði skil á staðgreiðslu opinberra gjalda, í samræmi við fyrirmæli III. kafla laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, sem haldið var eftir af launum starfsmanna félagsins greiðslutímabilin júní rekstrarárið 2019 til og með janúar rekstrarárið 2020 og mars til og með október rekstrarárið 2020, samtals að fjárhæð kr. 28.624.239 hvað varðar ákærða Eiríkur og samtals að fjárhæð kr. 28.321.097 hvað varðar ákærða Y, sem sundurliðast sem hér greinir:

<i>Eiríkur</i>		<i>Y</i>	
2019		2019	
júní	kr. 2.501.782	júní	kr. 2.244.089
júlí	kr. 3.909.575	júlí	kr. 3.909.575
ágúst	kr. 3.774.101	ágúst	kr. 3.774.101
september	kr. 2.536.574	september	kr. 2.536.574
október	kr. 3.842.816	október	kr. 3.842.816
nóvember	kr. 3.071.811	nóvember	kr. 3.249.777
desember	kr. 3.484.575	desember	kr. 3.662.541
	<hr/>		<hr/>
	23.121.234		23.219.473
2020		2020	
janúar	kr. 2.732.442	janúar	kr. 2.717.451
mars	kr. 1.213.152	mars	kr. 1.168.062
apríl	kr. 76.415	apríl	kr. 56.835
maí	kr. 73.332	maí	kr. 23.197
júní	kr. 50.458	júní	kr. 961
júlí	kr. 179.123	júlí	kr. 134.758
ágúst	kr. 495.748	ágúst	kr. 461.383
september	kr. 377.891	september	kr. 278.898
október	kr. 304.444	október	kr. 260.079
	<hr/>		<hr/>
	5.503.005		5.101.624
Samtals:	kr. 28.624.239	Samtals:	kr. 28.321.097

Brot ákærðu samkvæmt 1. tölulið ákæru teljast varða við 1. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 1. mgr. 40. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.

Brot ákærðu samkvæmt 2. tölulið ákæru teljast varða við 1. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 2. mgr. 30. gr. laga nr. 45/1987 um staðgreiðslu opinberra gjalda.

Þess er krafist að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Ákærðu neita sök og krefjast sýknu en til vara vægustu refsingar.

Málavextir

Ákærðu krefjast sýknu. Hvorugur þeirra telur sig hafa verið daglegan stjórnanda félagsins og hvorugur telur sig hafa borið ábyrgð á þeim vanskilum virðisaukaskattskýrslna, virðisaukaskatts,

skilagreinum og staðgreiðslu opinberra gjalda, sem í ákæru er byggt á að hafi orðið. Ekki er tölulegur ágreiningur í málinu um þær fjárhæðir sem í ákæru greinir. Lýsing málavaxta verður miðuð við það.

Mál þetta varðar einkahlutafélagið B. Samkvæmt vottorði úr fyrirtækjaskrá er dagsetning samþykktá félagsins 18. febrúar 2019. Í tilkynningu um stofnun félagsins, sem stimpluð er móttækin hjá ríkisskattstjóra 18. marz 2019, segir meðal annars að tilgangur félagsins sé [...]. Stofnandi félagsins er skráður C, kt. [...], og er C jafnframt skráður stjórnarmaður félagsins. Varamaður í stjórn er skráður ákærði Eiríkur Hilmarsson og prókúruhafar þeir C og ákærði Eiríkur. Samkvæmt stofnfundargerð, dags. 18. febrúar 2019, var C ráðinn framkvæmdastjóri félagsins.

Með tilkynningu 14. maí 2020 sagði ákærði Eiríkur sig frá störfum sem varamaður í stjórn og prókúruhafi félagsins.

Einkahlutafélagið B var úrskurðað gjaldþrota 10. desember 2020.

Með bréfi til skiptastjóra, dags. 18. febrúar 2021, tilkynnti skattransóknarstjóri að hann hefði hafið rannsókn á bókhaldi, staðgreiðslu- og virðisaukaskattskilum félagsins.

Samkvæmt gögnum málsins gaf C skýrslu hjá skattransóknarstjóra og hafði þá réttarstöðu sakbornings. Í ljósi framburðar C fyrir dómi þykir rétt að rekja hér að hluta það sem haft er eftir honum í skýrslu skattransóknarstjóra. Hann var spurður um tengsl sín við félagið og svaraði að hann vissi ekki neitt um rekstur félagsins og hefði ekki komið nálægt daglegum rekstri og stjórnarstörfum. Þegar hann var spurður hvort hann vissi ekkert um í hverju starfsemi félagsins hafi verið fólgin svaraði hann: „Eina sem ég sá var að hérna, þar sem ég var nú forsvarsmáður fyrirtækisins þá náttúrulega hafði ég hérna, að kortareikningnum, þá fylgdist ég bara með hvort það væru, í hvað þetta væri að fara og það eina sem ég sá var að þetta var að fara meira og minna bara allt í tekjur til starfsfólks en ég gerði mér engan veginn grein fyrir því að tekjutengd gjöld voru ekki greidd.“

Í skýrslutökunni sagði C að æskuvinur sinn, Y, hefði beðið sig um að skrá sig, C, sem stjórnarformann og framkvæmdastjóra með prókúru. Borið var undir C að þeir Y og Eiríkur hefðu báðir verið launamenn hjá félaginu og C svarar „Mhm, þeir ákváðu þetta.“ Stuttu síðar sagði C: „Já ég var bara, ég var bara fenginn til þess að fá lánaða kennitölu“. Hann var þá spurður hvort Y hefði gert það og svaraði því játandi og bæti við: „stundum gera vinir vinargreiða.“ Hann var þá spurður af hverju það hefði verið og svaraði: „Af því hans kennitala er ónýtt og hérna, mín ekki. Og hérna, svo hérna kemst ég að því bara þegar allt fer af stað þá kemst ég að því núna bara í febrúar, í raun og veru bara ástæðuna fyrir af hverju ég var beðinn um þetta, í rauninni sko. Það var annar vinur minn sem benti mér á það.“ C var þá spurður hver ástæðan væri og hvort það hefði verið það að kennitala Y hefði verið ónýtt. C spurði þá hvenær Eiríkur hefði sagt af sér sem varamaður í stjórn og var svarað að það hafi verið 14. maí 2020. C sagði þá: „Já og það er bara skömmu eftir að Y fær dóm á sig sem ég vissi ekki af.“ C var þá spurður hvort hann þekkti Eirík og svaraði: „Já já, þeir eru saman.“ Hann var þá spurður hvort þeir Eiríkur væru vinir og svaraði að þeir væru ekki persónulegir vinir. C var spurður hvort Y og Eiríkur hefðu komið saman að rekstri fyrirtækisins og svaraði því játandi: „Mér er kunnugt um það, já, já, já. Og Eiríkur sá meira og minna um fjármálahlíðina.“

Í skýrslutökunni var C spurður hver hefði séð um að greiða starfsmönnum laun og svaraði að það hefði gert kona að nafni D. Hann sagðist vita þetta vegna þess að hann hefði hitt þá Y og Eirík á fundi og fengið hjá þeim upplýsingar um félagið, áður en C hefði gefið skýrslu hjá skiptastjóra.

Í skýrslutökunni var C spurður hver hefði útbúið skjöl um stofnun félagsins og svaraði að það hefði Eiríkur gert, „ég fór til þeirra, þeir báðu mig um þetta, hann var búinn að liggja á mér í nokkra mánuði, vikur, Y, að biðja mig um þetta, svo sagði ég ok, sló bara til og hérna ekkert mál. Svo hérna, útbjó bara pappíra, fór í bankann, búið og gert.“

Síðar í skýrslutökunni var C spurður hver hefði farið með raunverulega stjórn félagsins og svaraði að það hefðu þeir Y og Eiríkur gert.

Með dómi Hæstaréttar Íslands í máli nr. [...], sem kveðinn var upp [...] 2022, var ákærði Y sakfelldur fyrir brot gegn skattalögum með því að hafa, sem daglegur stjórnandi og stjórnarmaður samlagsfélags, ekki staðið skil á skilagreinum vegna staðgreiðslu opinberra gjalda og virðisaukaskattskýrslum og ekki staðið skil á staðgreiðslu opinberra gjalda og virðisaukaskatti. Staðfesti

Hæstiréttur að þessu leyti dóm Landsréttar í máli nr. [...], sem kveðinn var upp [...] 2021, en héraðsdómur, þar sem ákærði hafði verið sakfelldur fyrir sömu atriði, var kveðinn upp [...] 2020.

Í gögnum málsins segir að samkvæmt samantekt skatranssóknarstjóra hafi laun ákærða Eiríks að frádregnum staðgreiðslu og iðgjaldi í lífeyrissjóð numið 913.226 krónum árið 2019 en greiðslur til hans frá félaginu það ár numið 5.477.419 krónum. Laun ákærða Eiríks að frádregnum staðgreiðslu og iðgjaldi í lífeyrissjóð hafi árið 2020 numið 2.904.863 krónum árið 2020 en greiðslur til hans frá félaginu það ár numið 3.751.322 krónum.

Í gögnum málsins segir að samkvæmt samantekt skatranssóknarstjóra hafi laun ákærða Y að frádregnum staðgreiðslu og iðgjaldi í lífeyrissjóð numið 1.674.137 krónum árið 2019 en greiðslur til hans frá félaginu það ár numið 1.099.138 krónum. Laun ákærða Y að frádregnum staðgreiðslu og iðgjaldi í lífeyrissjóð hafi árið 2020 numið 1.980.112 krónum árið 2020 en greiðslur til hans frá félaginu það ár numið 2.229.098 krónum.

Í gögnum málsins segir að greiðslur félagsins til E, [...], hafi frá 24. apríl 2019 til 2. júní 2020 numið alls 7.073.320 krónum. Í gögnum málsins er skjal, sem ber með sér að vera upplýsingaskýrsla starfsmanns skatranssóknarstjóra. Segist starfsmaðurinn þar hafa hringt í [...] vegna greiðslanna. [...] hafi fyrst sagt „já voru launin hans lögð inn á mig“ og svo hafi [...] sagt að [...] kynni ekki skýringar á greiðslunum. [...] hafi þá verið bent á að [...] væri ekki á launaskrá félagsins en ákærði Y hefði verið það og fengið greidd laun. Skömmu síðar hafi [...] hringt aftur og sagt að [...] væri [...] að skoða þetta. Um væri að ræða laun ákærða Y sem lögð hefðu verið inn á [...] reikning þar sem lokað hefði verið á ákærða Y.

Meðal gagna málsins eru tölvupóstamskipti þar sem skatranssóknarstjóri kallar eftir gögnum og upplýsingum frá viðskiptamönnum félagsins B ehf. um viðskipti við félagið og um það hver hafi komið fram fyrir hönd B ehf. vegna viðskiptanna. Í svörum við bréfum skatranssóknarstjóra er iðulega vísað til ákærðu, annars eða beggja. Í svari frá félaginu F segir að Eiríkur Hilmarsson hafi sent reikninga og Y. Í svari frá G kemur fram að tengiliður sé Y. Í svari frá H kemur fram að tölvubréf frá B ehf. hafi verið frá Eiríki en greiðsluseðlar hafi verið greiddir í gegnum banka. Í svari frá I segir að samskiptin hafi verið við mann er Y heiti. Í svari J segir að upphaflega hafi verið samið við eigandann, Y, sem hafi komið á staðinn, gert tilboð og að unnið hafi verið eftir því. Verkstjórinn sem samband hafi verið haft við eftir það heiti D. Í svari K segir að upphaflega hafi verið samið við Y um þjónustuna en í samskipti eftir það verið við D. Í svari L segir að Y hafi komið fram fyrir hönd fyrirtækisins en síðar hafi D tekið við og verið í forsvari fyrir fyrirtækið. Í svari M segir að Eiríkur hafi sent félaginu reikninga frá B ehf. Í svari N segir að sú sem hafi verið í sambandi við félagið frá B ehf. hafi verið D en Y hafi sent reikninga. Í svari O segir að Y hafi verið í forsvari fyrir B ehf. og Eiríkur hafi setið flesta fundi.

Í niðurstöðum skýrslu skatranssóknarstjóra, dags. 9. ágúst 2021 segir meðal annars að rannsóknin hafi leitt í ljós að ákærðu Y og Eiríkur hafi verið raunverulegir stjórnendur B ehf. þrátt fyrir skráningu C sem stjórnarmanns og framkvæmdastjóra félagsins. Þá segir um skil á virðisaukaskattsskýrslum að þeim hafi ekki verið skilað fyrir uppgjörstímabilin frá og með marz-apríl 2019 til og með nóvember-desember 2020. Þá segir að rannsóknin hafi leitt í ljós að vanframtalinn skattskyld velta B ehf. vegna uppgjörstímabilanna frá og með marz-apríl 2019 til og með nóvember-desember 2020 sé samtals að fjárhæð 176.080.328 krónur og vanframtalinn útskattur sé samtals 42.259.279 krónur. Þá hafi ekki verið staðin skil á afdreginni staðgreiðslu félagsins að fjárhæð 29.486.554 vegna staðgreiðslutímabilanna frá júní 2019 til og með janúar 2020 og marz til og með október 2020. Loks hafi færslu bókhalds félagsins verið ábótavant. Þá segir að ákærðu Y og Eiríkur hafi báðir komið fram fyrir hönd félagsins gagnvart viðskiptamönnum, komið að samningagerð og verið á launaskrá hjá félaginu. Ákærði Eiríkur hafi verið prókúruhafi og virðist hafa sinnt reikningsgerð fyrir félagið. Þá segir að þrátt fyrir að C hafi ekki komið að daglegum rekstri félagsins beri hann ábyrgð á rekstrinum sem skráður stjórnarmaður og framkvæmdastjóri með prókúru ásamt ákærðu Y og Eiríki.

Með bréfi dags. 16. september 2021 vísaði skattrannsóknarstjóri málinu til héraðssaksóknara.

Skýrslur fyrir dómi

Ákærði Y sagði að starf sitt fyrir félagið B ehf. á árunum 2019 og 2020 hefði verið starf verkstjóra og að hann hefði verið „úti á örkinni“ og hefði séð „um öll verkefni, samskipti við viðskiptavini, fylgja á eftir verkefnum, stökkva inn í, vinna“ og að hann hefði gengið í öll þau verk hjá félaginu, en hefði ekki haft frekari aðkomu að daglegum rekstri félagsins. Ákærði sagði að hann hefði áður verið með félagið P slf., sem hefði verið með ákveðin verkefni. Eftir endalok þess félags hefði félagið B ehf. verið stofnað og hann verið ráðinn til þess félags að sjá um „þennan verkþátt þar sem ég hafði þá þekkingu [...] [...] já, bara faglega hlutann, sjá um það“. Ákærði kvaðst ekki hafa komið fram fyrir hönd félagsins B ehf. sem fyrirsvarsmáður. C hefði verið eigandi og framkvæmdastjóri félagsins og hefði rekið félagið.

Ákærði sagðist ekki hafa komið að stofnun félagsins.

Ákærði sagði tengsl sín við C vera þau að þeir væru félagar frá „fornu fari“ og hefðu starfað mikið saman í [...] frá því að þeir voru átján ára, með hléum.

Ákærði sagði að meðákærði Eiríkur og C hefðu þekkt hvorn annan áður en félagið hefði verið stofnað. Þeir hefðu þó ekki unnið saman.

Ákærði sagði kynni þeirra meðákærða Eiríks hafa byrjað um tveimur eða þremur árum fyrir samstarfið í B ehf. Þeir hefðu ekki starfað saman annars staðar.

Ákærði sagði meðákærða Eirík einnig hafa verið starfsmann félagsins B ehf. Ákærði sagðist ekki vita til þess að C hefði haft mikla aðkomu að rekstrinum og sagðist ekki hafa verið í miklum samskiptum við C, ákærði hefði aðeins séð um sinn hluta. C hefði verið yfirmaður ákærða hjá fyrirtækinu. Spurður um það að hann hefði ekki verið í miklum samskiptum við C, sem hann segði hafa verið yfirmann sinn, sagðist ákærði hafa verið „úti á örkinni að sinna viðskiptavinum“, farið milli staða, gætt þess að [...]. Slíkt krefðist ekki mikilla samskipta við yfirmann. Ákærði Y sagðist ekki hafa séð um að afla nýrra viðskiptavina á tímabilinu sem um ræðir, það væri „meira svona afleiðing af öðrum viðskiptum sem að við fengum“. Ákærði kvaðst hafa verið í samskiptum við C þegar um væri að ræða nýja viðskiptavini og hann hefði gefið leyfi fyrir því. Spurður um tilboðsgerð svaraði ákærði því til að C hefði tekið lokaákvörðun. Ákærði kvaðst ekki hafa haft aðgang að bankareikningi félagsins og ekki haft aðkomu að útgáfu sölureikninga og innheimtu þeirra.

Borið var undir ákærða að samkvæmt gögnum málsins hefði skattrannsóknarstjóri rætt við viðskiptamenn félagsins og af þeim hefðu fimmtán bent á ákærða sem mann sem þeir hefðu átt í samskiptum við, tíu á meðákærða Eirík en enginn C. Ákærði sagðist ekki hafa séð um öll samskipti, hann hefði sinnt því sem þurft hefði að sinna, „eru kvartanir eða eitthvað slíkt? þarf að fara yfir stöðuna? þarf að, eru kvartanir út af mannskap eða eitthvað slíkt?“ Hann hefði ekki komið að samningagerð eða slíku. Ákærði kvaðst ekki vita hver hefði séð um skattskil félagsins en sagðist gera ráð fyrir að C hefði séð um það sem framkvæmdastjóri félagsins. Ákærði kvaðst ekki vita af hverju virðisaukaskattskýrslum félagsins, staðgreiðslugreinum eða afdreginni staðgreiðslu hefði ekki skilað og sagðist ekki vita hver hefði tekið ákvörðun um það eða í hvað fjármunirnir hefðu farið.

Ákærði neitaði því aðspurður að C hefði verið að „leppa eignarhald einhvers annars“ á félaginu B ehf.

Ákærði var spurður hver innan fyrirtækisins hefði haft vald til að ráða starfsmenn og segja þeim upp og svaraði að starfsmaðurinn D hefði séð um starfsmannamál og verið einskonar starfsmannastjóri. Aðspurður sagði ákærði að C hefði ráðið D til starfa fyrir félagið. Ákærði sagði að hlutverk sitt og meðákærða Eiríks hjá félaginu hefði verið sambærilegt, þeir hefðu báðir verið „að vinna dagsdaglega, bara verkefni komu inn“. Ákærði sagðist ekki vita til þess að meðákærði hefði haft fjármálastjórn í félaginu með höndum.

Ákærði var spurður hvort C hefði skipt verkum með þeim ákærða og meðákærða og svaraði ákærði því neitandi, „það voru eiginlega bara kannski verkefni sem kannski svona keyrðu okkur áfram, svolítið, dagsdaglega.“ Ákærði sagðist hafa tekið að sér að sjá „bara alfarið um [...]“, enda hefðu þau verið

það sem hann hefði þekkingu á og Eiríkur hefði sinnt því sama. Þeir Y og Eiríkur hefðu verið nokkurs konar tengiliðir félagsins við stóra viðskiptavinum og hefðu verið þeir tengiliðir sem hægt var að beina kvörtunum að og að hringt væri í. Viðskiptavinur sem vildi kvarta hefði þá hringt í „Y eða Eirík af því að við vorum svo sem svona dags daglega í öllu saman.“ Ákærði kvaðst ekki muna hver hefði ákveðið laun hans og meðákærða Eiríks. Sjálfsagt hefði það verið C. Ákærði sagði BC hafa haft áform um að koma inn af fullum krafti „og verða þarna í fullu starfi“ í félaginu. BC hefði verið í annarri vinnu og hafa ætlað að ljúka þeim störfum en hefði lent í slysi sem hefði verið ástæða þess að hann hefði ekki komið af fullum krafti til starfa í félaginu.

Ákærði sagðist telja að C hefði hugsanlega gert of lítið úr sínum þætti hjá fyrirtækinu í skýrslutöku hjá skattrannsóknarstjóra vegna hræðslu við að mæta í „svona skýrslutöku“.

Ákærði sagðist ekki muna hvenær félagið P slf. hefði farið í prot en kvaðst telja að það hefði verið árið 2018 eða 2019. Hann sagðist ekki muna hvort B ehf. hefði verið stofnað í beinu framhaldi af því. Nánar spurður um aðdragandann sagði ákærði að þegar hann hefði verið með félagið P slf. hefði C hjálpað sér þar af og til, svo sem með því að sjá um [...] eða annað slíkt. „Svo fór hann að venja komur sínar bara, fá sér kaffi hjá okkur og eitthvað svona og hann langaði að koma og vera með. Og það er löngu áður en þetta er. Svo bara fer sem fer hjá mér. Hann ákveður þá að stofna sitt eigið félag og ræður mig til starfa til að sjá um faglegan hluta því hann var kannski ekki með þann hluta.“

Ákærði sagðist ekki vita hvernig rekstur B ehf. hefði gengið. C hefði ekki rætt reksturinn við sig.

Ákærði sagðist nú starfa hjá öðru [...], Q við sams konar starf og hann hefði gegnt hjá B ehf. Rétt eins og hjá B ehf. væri hann „úti á örkinni“, hefði samskipti við viðskiptavinum og sæi „um sölnuna“ en væri ekki stjórnandi. Hann væri „andlit“ félagsins gagnvart viðskiptavinunum en ekki yfirmaður hans.

Ákærði Eiríkur Hilmarsson sagðist hafa komið inn í fyrirtækið B ehf. sem starfsmaður með sérþekkingu á [...] og að hann hefði verið í verkefnastýringu hjá félaginu. Ákærði hefði komið inn um það leyti sem staðið hefði til að stofna fyrirtækið. Hann hefði áður unnið um tólf ára skeið hjá aðilum sem hefðu meðal annars komið að nánar greindum [...]. Síðari hluta þessa tólf ára tímabils hefði ákærði unnið hjá því [...]. Ákærði hefði verið „kominn með nóg þar og í einhverju spjalli, held ég örugglega væntanlega við Y og hann náttúrulega kynnir mig fyrir C, að þá kemur það upp að það standi til að fara af stað, í rauninni taka þetta skip sem er á ferð, sem var náttúrulega P sko, og þar voru verkefni og starfsmenn, C ætlaði í raun og veru að taka við því kefli og halda áfram með það, þannig að ég var beðinn um að koma þarna vegna þess að hann var mjög laskaður eftir að hafa lent í [...]slysi og biður mig meðal annars um að koma og ég ætlaði að reyna að stofna þessa nýju deild sem var fyrir [...] og svo bara vera í einhverri verkefnastýringu, þetta var svolítið sama og ég var að gera í fyrra starfi, ég var verkefnastjóri“. Nánar spurður hvort hann hefði komið til starfa í fyrirtækinu eftir að C hefði stofnað það og lent í slysinu, svaraði ákærði: „Nei nei, þetta er á þessum tíma þegar stóð til að stofna fyrirtækið“. Spurður hvort hann hefði verið með frá upphafi svaraði ákærði fyrst játandi, en bætti svo við að svo langur tími væri liðinn að hann myndi þetta ekki nákvæmlega.

Ákærði sagði að C hefði beðið sig um að vera varamaður í stjórn og prókúruhafi og að hann hefði samþykkt það. Ákærði kvaðst hafa útbúið stofngögn félagsins þar sem hann hefði þekkingu til þess og hefði gert það áður. Ákærði sagði meðákærða Y hafa verið með sér og C „á fundunum og var þarna með okkur“. Ákærði kvaðst ekki hafa komið að fjármálastjórn félagsins en hafa verið með prókúru, aðgang að bankareikningum félagsins og verið skráður fyrir veflyklum vegna félagsins. C hefði einnig haft prókúru. Ákærði sagðist hafa afhent veflykilinn til D sem hefði átt að sjá um „launaútreikninga og skilagreinar og það allt saman“. Ákærði kvaðst kannast við að hans persónulegu netföng hefðu verið notuð við skráningu félagsins í fyrirtækjaskrá og kvaðst hafa gert „þau mistök að sko vera að flækja mér í stofnun fyrirtækisins sko með þessu móti“ en að hann hefði bara verið að „hjálpa til“. Ákærði sagði að rætt hafi verið á fyrsta fundi með C að ákærði myndi hlutast til um að stofna bankareikning fyrir félagið sem hann hefði gert.

Ákærði kvaðst ekki hafa séð um greiðslu reikninga en það gæti vel verið að hann hefði „greitt einhverja reikninga“ en hann hefði ekki haft það hlutverk. Aðspurður um hver hafi haft það hlutverk að greiða reikninga kvaðst ákærði ekki vita það og að það hefðu bara verið „hinir og þessir sem voru bara að

hérna sýsla með þetta“. Fleiri en tveir og fleiri en þrír hefðu notað debetkort félagsins, það hefði legið „á borði“, ef kaupa hefðu þurft „aðföng og slíkt, þá voru bara þarna einhverjir aðilar sem að voru verkstjórar“ sem hefðu haft heimild til að fara og kaupa inn. Ákærði sagði að þegar hann horfði til baka hefðu aðstæður verið líkt og „þetta væri bara skip sem væri bara, skipstjórinn var bara í koju og þetta er hriplekt skip“ og að „manneskjan sem átti þetta og [...] sannarlega bar ábyrgð á þessu að mínu mati, hann ætlaði að koma en svo dróst það og ég skildi ekki af hverju.“ Borið var undir ákærða að hann hefði hitt C á fundum og væntanlega haft aðgang að honum, og ákærði svaraði að hann hefði ekki talið sig bera ábyrgð á þessu, hann hefði mest allan tímann verið „úti á örkinni að djöflast.“ Spurður hvort hann hefði ekki talið ástæðu til að tala við C og hvetja hann til að taka á málum, svaraði ákærði að hann hefði ekki litið á stöðuna sem sitt „vandamál“, heldur hefði sinnt sínum verkefnum og talið að C væri að fara að koma og þá „tæki hann við“. Ákærði kvaðst hafa litið á þetta sem tímabundið verkefni og að hann hefði „nánast aldrei“ heyrt í C. Meðákærði Y og C hefðu verið í einhverju sambandi.

Ákærði kvaðst hafa litið á C sem sinn yfirmann þar sem C hefði beðið sig um að koma inn í félagið en C hefði ekki verið á staðnum og ákærði verið í litlum samskiptum við hann. Ákærði hefði þekkt starf sitt vel og ekki þurft að ræða það við yfirmanninn. Ákærði kvaðst líklega hafa rætt launamál sín við D en að hann vissi það ekki. Ákærði taldi sig bara hafa verið settan á sömu laun og aðrir.

Ákærði sagðist hafa samið við viðskiptavinum um verkefni enda hefði hann lengi starfað í [...], þekkt ýmsa [...] og hefði nýtt sér það til að „opna hurðina“. Spurður hver hefði tekið lokaákvörðun fyrir hönd félagsins um samninga við einstök [...] sagði ákærði að verðlisti félagsins hefði örugglega verið „arfleiddur frá gamla félaginu“, þannig að tímagjaldið hefði verið „þekkt“. Spurður hvort C hefði ekki þurft að vita af samningum við nýja viðskiptavinum sagðist ákærði gera ráð fyrir að C hefði vitað „um stöðuna, vegna þess að hann fylgdist meira með heldur en hann vildi láta í skýrslutökunni sko hjá skattranssóknarstjóra“. Spurður hvornig hann vissi að C hefði verið að fylgjast með svaraði ákærði: „Ég heyrði í gegnum Y og svo veit ég að hann var að senda tölvupósta á Y og spyrja út í atriði“.

Ákærði kvaðst aðspurður ekki muna eftir neinum samskiptum sínum við C eftir að félagið var stofnað. Hann kvaðst ekki muna eftir að innan félagsins hefði verið sérstaklega vitnað í C eða talað um ákvarðanir sem hann hefði tekið. Ákærði kvaðst hafa komið „eitthvað“ að útgáfu sölureikninga en að slíkt hefði ekki verið í sínum höndum. Ákærði kvaðst ekki vita hver hefði borið ábyrgð á útgáfu sölureikninga en kvaðst telja að D hefði komið „eitthvað að því“. Ýmist hefði verið byggt á tímaskýrslum og einingaverði. „Sú verðskrá lá bara fyrir, það var bara notað frá öðrum fyrirtækjum, verðskráin lá fyrir frá upphafi.“ Ákærði hefði fengið einhverjar tímaskýrslur varðandi ákveðin verk en hefði ekki séð um það að öllu leyti en mögulega hefði D komið eitthvað að því eða einhver utanaðkomandi aðili. Þetta hefðu þó verið verkefni sem hann hefði ekki átt að sinna.

Ákærði sagði, að þrátt fyrir að hann hefði haft aðgang að bankareikningi félagsins og hefði verið að fylgjast eitthvað með honum, hefði hann ekki verið að fylgjast „þannig með því svo“ að hann tæki eftir því hvort afdreginni staðgreiðslu eða virðisaukaskatti væri skilað, en þetta hefði ekki verið í hans verkahring. Spurður hvort hann hefði aldrei tekið eftir að á slíku kynni að vera misbrestur svaraði hann neitandi en bætti við „en mér fannst hins vegar, bara í heildina, á þessu tímabili, mér fannst þetta bara vera bara algjört rugl, bara öll þessi operation í heild sinni.“ Hann hefði átt að „henda inn handklæðinu og fara á atvinnuleysisbætur frekar en að hanga þarna. Mér fannst þetta það mikið rugl.“ Hann hefði leitað annarra starfa á þessu tímabili en „því miður þá beit ekkert á.“ Ákærði sagðist engan ábata hafa haft af félaginu annan en föst laun sín.

Ákærði kvaðst muna til þess að hann hefði komið eitthvað að innheimtu gagnvart þeim viðskiptavinum sem hann hefði komið með inn í félagið. Ákærði sagðist halda að D hefði beðið hann um að koma að innheimtu gagnvart sérstökum viðskiptavinum sem hann þekkti. Ákærði kvaðst hafa verið svolítið í að „hlaupa“ og „einvern veginn að reyna að slökkva elda og aðstoða“.

Spurður hver hefði átt að sjá um skattskil sagði ákærði að C hefði í upphafi talað á þá leið að bókarari eða endurskoðandi myndi sjá um virðisaukaskattskil en sagði að D hefði séð um staðgreiðsluna „meira og minna“. Ákærði kvaðst ekki vita af hverju virðisaukaskattskýrslum hefði ekki verið skilað.

Ákærði kvaðst aðspurður ekki hafa átt neitt í félaginu og að C hefði ekki verið að „leppa“ eignarhald ákærða. Sjálfur hefði hann aldrei farið með rekstur í þrot.

Ákærði sagði sig og ákærða Y hafa verið verkstjóra á staðnum en að D hefði verið starfsmannastjóri félagsins. Ákærði sagðist ekki kunna að halda bókhald, aldrei hafa komið nálægt slíku og að hann hefði ekki séð um bókhald félagsins. Bókhaldið hefði ekki verið fært innanhúss. C hefði, ef ákærði myndi rétt, talað um það í upphafi að hann hefði falið einhverjum utan félagsins að sjá um bókhaldið. Ákærði hefði ekki haft nein samskipti við bókara.

Ákærði sagði að D hefði séð um launaútreikninga og haldið „utan um allan þann pakka“. Hún hefði einnig útbúið skilagreinar. Ákærði sagðist ekki vita hvernig staðið hefði verið að því að greiða samkvæmt skilagreinum. Sjálfur hefði hann aldrei verið beðinn um að greiða samkvæmt skilagrein.

Ákærði sagðist ekki hafa átt nein samskipti við skattyfirvöld vegna vanskila eða greiðsluáætlana í framhaldi af þeim.

Ákærði sagði, spurður hvort hann hefði verið einn af stjórnendum félagsins, að það hefði komið fyrir að hann hefði komið á verkstað og sagt starfsmönnum til en hann hefði ekki verið einn af daglegum stjórnendum félagsins að því er lotið hefði að fjármálalegum rekstri. Spurður hvort hann hefði verið tengiliður í fyrirsvari gagnvart viðskiptavinum félagsins svaraði ákærði að hann hefði „örugglega verið sko mögulega heyrt í þessum aðilum sem ég talaði við þarna í upphafi“, og nefndi að hann hefði áður unnið hjá nánar greindu [...]. „Þarna voru gamlir kollegar“. Mögulega hefðu slíkir aðilar litið svo á að ákærði væri í einhvers konar fyrirsvari.

Ákærði kvaðst hafa litið á sig sem sölumann og að hann hefði ekki haft vald til þess að vera fulltrúi fyrirtækisins „öðruvísi en bara sölumaður“. Ákærði sagðist telja að C hefði gert of lítið úr eigin hlut í skýrslutökum hjá skattrannsóknarstjóra. Ákærða ræki minni til þess að C hafi haft áform um að koma til félagsins eftir að hann lyki veikindaleyfi sem hann var í vegna [...].slyss, en ekki hefði orðið af því að C kæmi inn í félagið. Ákærði kvaðst ekki hafa heyrt sjálfur í C en hafa heyrt frá meðákærða Y að C væri að spyrja út í allskonar hluti. C hefði framsent tölvubréf „frá einhverjum fyrirtækjum og vissi miklu meira en hann lét þarna.“ Ákærði kvaðst ekki vita hvort C hefði „haft tækifæri til þess að hafa almennilega innsýn en hann vissi alveg nóg“ til að „vita að þetta var bara í algjörrri klessu þarna.“ Fyrirtækið hefði verið stjórnlaust. „Þarna voru starfsmenn í sjálfstöku launa og þetta var bara höfuðlaus þvæla.“

Ákærði sagði meðákærða Y hafa sinnt einhvers konar verkstjórn og að ekki hefði verið að „stofna eitthvað fyrirtæki og byrja frá núlli, þarna var verið í rauninni að taka við einhverju þrotabúi sem var samt sem áður á fullu skriði“ svo að allir hefðu þurft „að vera á dekki“.

Vitnið C kvaðst hafa verið starfsmaður hjá nánar greindu félagi á árunum 2019 og 2020 og vera það enn í dag. Vitnið kvaðst hafa stofnað félagið B ehf. þar sem það hefði viljað komast úr því starfi. Vitnið hefði stofnað „fyrirtækið og reikninginn“. Vitnið hefði stofnað reikning félagsins í Íslandsbanka. Vitnið hefði haft í hyggju að nýta sér sérþekkingu ákærða Y, „tengslanet hans og líka færni hans í þessu starfi, það voru [...] við vissum alveg nákvæmlega út í hvað við vorum að fara. Ég komst ekki strax af stað því ég var náttúrulega bundinn mínu starfi og gat ekki bara sagt upp starfinu og verið tekjulaus“. Ákærði Y hefði hins vegar verið laus og getað tekið til starfa.

Vitnið sagði að þeir ákærði Y væru æskuvinir og hugmyndin að stofnun félagsins hefði komið upp „yfir spjalli“ þeirra. „Þá datt mér þessi hugmynd í hug.“

Vitnið kvaðst hafa verið eigandi félagsins, hafa stofnað það og ákveðið hvernig skráning félagsins skyldi vera. Vitnið kvaðst ekki hafa hugmynd um viðskipti en ákærði Eiríkur væri „með menntunina“ og hefði ákærði Eiríkur verið ráðinn „til að sinna bara ýmsu og þessu sem ég hef ekki hugmynd um“. Vitnið sagðist þekkja ákærða Eirík „í gegnum Y.“

Vitnið sagði hlutverk ákærða Y innan félagsins hafa verið að „nýta tengslanetið, viðskipti, sölumaður og að hann átti að afla viðskipta og nýta þessa þekkingu sem hann hefur. Hann er gríðarlega fær á þessu sviði.“ Ákærði Y hefði „miklu meiri þekkingu“ en vitnið. „Þannig að hann kemur þarna inn sem starfsmaður.“

Vitnið sagði félagið hafa átt að vera sambærilegt félaginu P slf. en hefði gengið meira út á að þjónusta [...] en P slf. hefði verið „meira í [...]“. Vitnið kvaðst ekki vita hvort viðskipti sem hefðu áður verið hjá P slf. hafi haldið áfram inn í B ehf.

Vitnið var spurt um aðkomu sína að rekstri félagsins og svaraði að það hefði lent í [...]slysi. „Ég dett bara út um haustið algerlega, ég lendi í slysi og er bara óvinnufær um marga mánuði. Ég fer aldrei af stað, ég bara dett út. Svo bara er ég ekkert til staðar.“ Vitnið hefði aldrei komið inn í rekstur félagsins. Spurt hvort það hefði nýtt bankareikning félagsins sagði vitnið svo ekki hafa verið og bætti við: „Ekki króna, ég kom ekkert nálægt einu eða neinu.“

Vitnið var spurt hvort það hefði átt einhver samskipti við ákærðu um fyrirtækið og svaraði að svo hefði í raun ekki verið. „Ég bara dett út.“ Ákærðu hefðu ekki haft samband við vitnið til að spyrja um einstök atriði í rekstri félagsins. Vitnið sagði ákærðu hafa átt að vinna vinnu og að ekki hefði verið um sérstaka ákvarðanatöku að ræða heldur hefði einfaldlega átt að þjónusta fyrirtæki og þetta hefði átt að vera einfalt.

Vitnið kvaðst ekkert hafa komið að útgáfu sölureikninga, innheimtu þeirra eða skattskilum félagsins. Vitnið kvaðst ekki vita hver hefði átt að sjá um skattskil félagsins. Vitnið kvaðst ekki hafa fengið laun frá félaginu B ehf. eða aðrar greiðslur enda hefði það ekki verið eðlilegt „þar sem ég kom ekki að þessu“. Vitnið sagðist hafa stofnað félagið, fengið kennitölu og bankareikning en þegar „þetta allt er að fara af stað þá er ég bara dottinn út“. Borið var undir vitnið að ákærði Eiríkur hefði borið að á fundi þeirra þriggja í upphafi, ákærðu og vitnisins, hefði verið ákveðið að ákærði Eiríkur sæi um að útbúa stofnskjöl. Vitnið sagðist ekki muna þetta. Vitnið sagðist ekki muna til þess að hafa fengið bókara til að halda bókhald félagsins.

Vitnið sagðist hafa farið í skýrslutöku hjá skiptastjóra félagsins og skattrannsóknarstjóra. Vitnið hefði ekki haft „hugmynd um eitt eða neitt“ en að sér hefði liðið eins og „það væri verið að fara að klína einhverju á mig sem ég gerði ekki og þetta var óþægilegt.“

Borið var undir vitnið að í bréfi frá skiptastjóra segi að í skýrslutöku hjá skiptastjóra hafi vitnið verið spurt hver hafi fært bókhaldið og vitnið hafi svarað að það hafi gert D starfsmaður félagsins en síðustu tvo mánuðina hafi maður að nafni R haldið utan um þau mál. Vitnið sagði að þetta rifjaði ekkert upp fyrir sér en sagði að D hefði séð um launagreiðslur. Vitnið sagðist ekki vita hver þessi R væri.

Vitnið kvaðst ekki vita hvort bókhaldið hefði verið fært innanhúss eða hjá einhverjum utanaðkomandi bókara.

Vitnið kvaðst ekkert hafa hugsað út í að koma sér úr fyrirsvari fyrir félagið eftir slysið, vitnið hefði einungis hugsað um að ná heilsu. Vitnið kvaðst skilja að það hefði átt að gera ýmislegt en í þeim aðstæðum, sem vitnið hefði verið í, hefði það ekki leitt hugsann að slíku. Vitnið kvaðst hafa aðeins einu sinni athugað bankareikning félagsins og hefði þá allt verið farið í þrot og vitnið séð „millifærslur sem ég veit ekkert út á hvað gengu.“ Á þessum tíma hefði vitnið verið farið að fá „stefnur og læti“.

Vitnið sagðist aldrei hafa verið í samskiptum við einstaka kröfuhafa félagsins.

Vitnið sagði að við stofnun félagsins hefði það litið á sig sem framkvæmdastjóra félagsins. Ekki hefði verið um málamyndagering að ræða, „ég er að fara af stað með þetta“. Vitnið sagði að við slysið hefði það dottið út, úr vinnu sinni og „nánast út úr lífinu“. Vitnið sagðist ekki hafa náð sér enn. „Ég má þakka fyrir að ég er hjá góðum atvinnurekanda sem býr til hlutina í kringum mig, annars er ég öryrki“. Vitnið hefði dottið svo út að það hefði ekki einu sinni haft samskipti við æskuvini eins og ákærða Y. „Vegna ástandsins þá snerist bara lífið um að koma sér í gegnum verkina.“

Vitnið kvaðst ekki hafa komið að ráðningu annarra starfsmanna en ákærðu Eiríks og Y. Vitnið kvaðst ekki vita betur en að búið væri að gera upp við allt starfsfólk félagsins.

Vitnið svaraði því til aðspurt að það væri ekki rétt sem fram hefði komið í framburði þess hjá skattrannsóknarstjóra að það hefði spurt ákærða Y út í einstakar færslur eða að það hefði verið að fylgjast með greiðslum á bankareikning félagsins. „Ég veit ekki af hverju ég sagði það, af því að ég var ekki að fylgjast með greiðslum. [...] Ég kem ekkert nálægt þessu og ég er ekkert að skoða hluti sem ég er ekkert að spá í.“

Vitnið kvaðst aðspurt ekki hafa sent skiptastjóra bókhald félagsins enda hefði það ekki haft aðgang að því og hefði ekki vitað hvar það var geymt. Vitnið kvaðst ekki vita hver hefði skilað bókhaldinu til skiptastjóra, en bætti við: „ég lét bara vita“ en kvaðst ekki muna hvern það hefði látið vita að skila þyrfti bókhaldinu.

Borið var undir vitnið það sem eftir því er haft í skýrslutöku hjá skattransóknarstjóra að það hefði aðeins verið fengið til að lána kennitölu sína. Vitnið sagðist ekki vita hvers vegna það hefði sagt þetta. Sér hefði liðið eins og verið væri að „henda mér einhverstaðar undir rútu“ og sér hafi liðið illa hjá skattransóknarstjóra. „Mér fannst þeir koma hart að mér og mér fannst það óþægilegt.“ Hugsanlega hefði vitnið sagt þetta „í einhverri vörn eða ekki“. Vitnið sagði að framburður sinn fyrir dómi væri réttur. Vitnið hefði ekki „lánað kennitölu“ sína, vitnið hefði verið alla sína tíð að „byggja upp mína kennitölu, ég er með sterka kennitölu“ og hefði ekki látið hana „í hendurnar á einhverjum“. Borið var undir vitnið sem skráð er í skýrslu skattransóknarstjóra, að vitnið hafi verið spurt hvort ákærði Y hefði beðið vitnið um þetta og vitnið hefði svarað „stundum gera vinir vinagreiða“, og vitnið hafi þá verið spurt hvers vegna það hefði verið og eftir vitninu er haft svarið: Af því að hans kennitala er ónýt. Vitnið svaraði: „Ja ég vissi að hans var ónýt en ég vissi líka að hann var útbrunninn en aftur á móti mjög fær í því sem hann getur gert, en þess vegna var Y ekki með neina prókúru. Hann var ekki með neitt, hann fékk ekki prókúru. Ég gaf honum ekki prókúru“. Vitnið hefði ekki gefið honum stjórn á fjármálum. „Hann átti bara sinna þessu og vera starfsmaður og hann er ofboðslega góður í því“. Borið var undir vitnið það sem eftir því er haft í skýrslutökunni, „þeir báðu mig um þetta, hann var búinn að liggja á mér í nokkra mánuði, vikur, Y, að biðja mig um þetta, svo sagði ég ókei, sló bara til, ekkert mál“. Vitnið svaraði: „Ég sagði ekki rétt frá þarna, en ég tek það bara á mig.“

Vitnið sagði að ákærði Eiríkur hefði meðal annars átt að sjá um fjármálahliðina enda væri hann viðskiptafræðimenntaður.

Vitnið sagðist ekki vita hver hefði átt að sjá um skattskil félagsins enda hefði vitnið dottið snemma út og ekki verið á staðnum. Vitnið tók fram að skattskil hefðu verið hlutverk sem það hefði ekki verið tilbúið að taka að sér enda hefði það ekki menntun til þess og vissi hversu leiðinlegt það væri, en „við vorum bara ekkert búnir að hugsa þetta lengra heldur en þetta, þetta er bara nýfarið af stað þegar ég dett út“.

Vitnið D sagðist hafa hafið störf hjá fyrirtækinu B ehf. þegar fyrirtækið hefði verið stofnað en vitnið hefði áður unnið hjá P slf. Vitnið sagði að sér hefði verið sagt að félagið P slf. væri að breytast í félagið B ehf. og sama vinna hefði haldið áfram í því fyrirtæki. Vitnið sagði ákærða Y hafa ráðið sig til starfa hjá P slf. Vitnið sagði að aldrei hefði verið skilgreint beint hver væri yfirmaður þess hjá B ehf. en að þau þrjú, vitnið og ákærðu Eiríkur og Y, hefðu verið teymi. Vitnið kvaðst ekki hafa hugsað mikið um hver væri sinn yfirmaður, vitnið hefði aðeins haldið áfram að gera það sem hefði þurft að gera. Vitnið hefði verið þjónustustjóri og verið í samskiptum við [...] eða þá sem vildu kaupa [...]. Vitnið hefði einnig séð um að „manna þetta“ og skipuleggja tíma hjá starfsfólki, reikna laun, séð um tímaskráningu og fleira. Vitnið kvaðst hafa verið einskonar starfsmannastjóri og séð um að ráða starfsfólk, oftast ein. Vitnið kvaðst hafa verið í miklum samskiptum við ákærða Y og leitað ráða hjá honum. Vitnið kvaðst ekki vita hvaða hlutverk ákærði Eiríkur hefði haft hjá félaginu en þau hefðu oft unnið saman en hlutverk hefðu ekki verið skilgreind og allir gert allt. Vitnið sagðist ekki muna hvenær ákærði Eiríkur hefði komið til starfa hjá félaginu, hann hefði ekki verið með í upphafi.

Vitnið kvaðst ekki þekkja C og ekki hafa séð hann vinna hjá félaginu en tók fram að það hefði ekki alltaf verið þar. Vitnið kvaðst ekki hafa verið í samskiptum við C og sagði að hann hefði ekki gefið sér fyrirmæli eða sagt vitninu hvað það ætti að gera. Vitnið kvaðst hafa séð um að skila staðgreiðsluskilagreinum til skattyfirvalda þar sem vitnið hefði séð um að reikna út laun. Vitnið kvaðst ekki hafa séð um að greiða skattinn og ekki vita hver hefði gert það. Vitnið kvaðst ekki hafa átt að sjá um að skila virðisaukaskattskýrslum fyrir félagið og sagðist ekki vita hver hefði átt að sjá um það. Vitnið sagðist ekki hafa haft aðgang að bankareikningi félagsins og vita ekki hver hefði séð um að gefa út

sölureikninga og innheimta þá eða hver hefði séð um að greiða reikninga félagsins. Vitnið sagðist ekki hafa velt bókhaldi félagsins fyrir sér enda hefði það ekki komið sér við.

Vitnið var spurt um innkaup fyrir félagið. Vitnið sagði að starfsmenn hefðu haft aðgang að debetkorti og „fórum og keyptum það sem við þurftum og tókum bara reikning.“ Reikningurinn hefði verið lagður í bakka á skrifstofu félagsins en vitnið sagðist ekki vita hver hefði tekið við reikningunum. Vitnið sagði að skrifstofa félagsins hafi verið í horni inni í þvottahúsi félagsins og oft hefðu ákærði Y og ákærði Eiríkur verið þar en að vitnið hefði haft nóg að gera með sín verkefni og ekki hugsað um annað.

Vitnið sagði að enginn starfsmaður félagsins hefði verið haft starfsheitið gjaldkeri eða bókari.

Spurt um verkefni ákærða Y í B ehf. sagði vitnið erfitt að aðskilja verkefni hans hjá P slf. og B ehf. þar sem „það rúllaði frá [einu] yfir á annað“ en styrkur ákærða hefði verið að afla viðskipta, hann hefði verið að „koma með fólk“ og oft hefði ákærði látið vitnið vita að „þetta [...] er að koma inn og núna þurfum við að byrja að vinna í að heimsækja [...] og sjá hvað þau vilja og sérhanna þjónustu sem við erum að bjóða þeim eftir þörfum þeirra“. Vitnið kvaðst ekki vita hvort breytingar hefðu orðið á verkefnum ákærða Y eftir stofnun B ehf.

Vitnið sagðist hafa fengið launahækkun við stofnun B ehf. en vitnið hefði rætt við ákærða Y um það, sem hefði boðið vitninu hærri laun.

Vitnið sagði að sér hefði alltaf verið sagt að C væri hluti af stjórninni en vitnið hefði sjaldan hitt hann og kvaðst ekki muna eftir því hvort rætt hafi verið um hann sem stjórnanda að öðru leyti. Vitnið sagði að ekki hefði verið talað eins og ákærðu væru æðstu stjórnendur félagsins, það hefði verið einhver annar.

Niðurstaða

Í málinu er ekki ágreiningur um þau efnisatriði málsins að ekki hafi verið staðið skil á nánar tilgreindum virðisaukaskattskýrslum og skilagreinum vegna staðgreiðslu opinberra gjalda og að ekki hafi verið skilað til ríkissjóðs nánar greindum fjárhæðum virðisaukaskatts sem innheimtur hafi verið í starfsemi félagsins og staðgreiðslu opinberra gjalda sem haldið hafi verið eftir af launum starfsmanna. Er ekki tölulegur ágreiningur í málinu. Gögn málsins veita ákærinni stoð að þessu leyti og þykir óhætt að leggja þessi atriði til grundvallar.

Hvor ákærði um sig byggir á því að hann hafi ekki verið stjórnandi félagsins heldur almennur starfsmaður sem ekki hafi borið ábyrgð á þeim atriðum sem rakin eru í ákæru. Fyrir dómi sögðu báðir að þeir hefðu litið á C sem yfirmann sinn.

Samkvæmt 1. – 3. mgr. 44. gr. laga nr. 138/1994 fer félagsstjórn með málefni félags og skal sjá til þess að skipulag og starfsemi þess sé jafnan í réttu horfi. Sé framkvæmdastjóri ráðinn fara stjórn og framkvæmdastjóri með stjórn félagsins. Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur og skal þar fara eftir stefnu og fyrirmælum félagsstjórnar. Félagsstjórn skal sjá um að nægilegt eftirlit sé með bókhaldi og meðferð fjármuna félagsins. Sé ráðinn framkvæmdastjóri skal hann sjá um að bókhald sé fært í samræmi við lög og venjur.

Fyrir liggur að á þeim tíma sem málið varðar var hjá félaginu skráður stjórnarmaður og framkvæmdastjóri, C.

Gögn málsins gefa ekki til kynna að C hafi fengið laun eða aðrar greiðslur frá félaginu á starfstíma þess.

Ljóst er að ákærðu störfuðu báðir hjá félaginu á þeim tíma sem um ræðir og voru á launaskrá þess. Ákærði Eiríkur var auk þess skráður varastjórnarmaður og prókúruhafi frá stofnun og þar til hann sagði sig frá hvorutveggja í maí 2020. Í skýrslu skattranssóknarstjóra er haft eftir C að Eiríkur hafi sagt sig úr varastjórn „skömmu eftir að Y fær á sig dóm“ sem C hefði ekki vitað af. Eins og rakið hefur verið var ákærði Y sakfelldur í héraði [...] 2020.

Áður en félagið B ehf. var stofnað hafði ákærði Y hafði rekið P slf. en það félag fór í þrot. Ljóst virðist að félaginu B ehf. hafi verið ætlað að starfa á sama vettvangi og félagið P slf. hafði gert, og eftir atvikum afla sömu viðskiptasambanda.

Ákærði Y bar fyrir dómi að hann hefði ekki komið að stofnun félagsins B ehf. Ákærði Eiríkur sagðist fyrir dómi hafa komið að málum um það leyti sem til hefði staðið að stofna félagið. Upp hefði

komið „í einhverju spjalli, held ég, örugglega væntanlega við Y og hann náttúrulega kynnir mig fyrir C, að þá kemur það upp að það standi til að fara af stað, í rauninni taka þetta skip sem er á ferð, sem var náttúrulega P sko, og þar voru verkefni og starfsmenn.“ Fyrir dómi sagði ákærði Eiríkur að ákærði Y hefði verið með sér og C á fundunum. Fyrir dómi sagði C að hugmyndin að stofnun félagsins hefði komið upp í spjalli þeirra ákærða Y en þeir væru æskuvinir. Í því spjalli hefði C fengið hugmyndina.

D, fyrrverandi starfsmaður félagsins, sagðist fyrir dómi hafa hafið störf við stofnun þess en hafa áður starfað hjá félaginu P slf. Sér hefði verið sagt að P slf. væri að breytast í B ehf. Ákærði Y hefði áður ráðið sig til starfa hjá P slf. Við stofnun félagsins hefði hún fengið launahækkun eftir að hafa óskað eftir henni við ákærða Y. D sagði fyrir dómi að erfitt væri að greina milli verkefna ákærða Y hjá P slf. og B ehf., þar sem „það rúllaði frá [einu] yfir á annað“. D sagðist ekki vita hvort breytingar hefðu orðið á verkefnum ákærða Y eftir stofnun B ehf. Ákærði Y sagði fyrir dómi að C hefði ráðið D til starfa hjá félaginu. Sjálf sagði D fyrir dómi að hún þekkti ekki C, hefði ekki séð hann vinna hjá félaginu og ekki verið í samskiptum við hann. Fyrir dómi sagðist C ekki hafa ráðið aðra til starfa en þá ákærðu Y og Eirík. Er ekki unnt að leggja til grundvallar að C hafi ráðið D til starfa hjá B ehf.

Þegar á allt framanritað er horft þykir verða að leggja til grundvallar að ákærði Y hafi komið að stofnun félagsins B ehf. Ljóst er að ákærði Eiríkur gerði það einnig.

Ákærði Y og ákærði Eiríkur sögðust báðir fyrir dómi hafa séð um verkstjórn á verkstað, öflun verkefna og samskipti við verkkaupa og aðra viðskiptavini. Þá kvaðst ákærði Eiríkur hafa komið að útgáfu reikninga vegna starfsemi félagsins og hafa stofnað bankareikning félagsins.

Samkvæmt gögnum málsins sagði C í skýrslutöku hjá skattrannsóknarstjóra að ákærði Y hefði beðið sig um að skrá sig, C, sem stjórnarformann og framkvæmdastjóra. Ákærðu Y og Eiríkur hefðu ákveðið þetta, C hefði aðeins lánað kennitölu sína en kennitala ákærða Y hefði verið „ónýt“. Fyrir dómi sagði C hins vegar að hann vissi ekki hvers vegna hann hefði sagt þetta, sér hefði liðið illa í skýrslutökunni. Hið rétta væri að hann hefði ekki lánað kennitölu sína, hann hefði verið að stofna félagið og hafa ætlað að koma þar til starfa af fullum krafti en vegna slyss, sem hann hefði lent í, hefði ekkert orðið af því. Það sem vitni bera fyrir dómi er að jafnaði þýðingarmeira en það sem eftir þeim er haft í skýrslutökum á rannsóknarstigi. Framburður vitna skoðast í ljósi annars sem fram kemur í málinu.

Enginn annar en C hefur verið nefndur sem hugsanlegur yfirmaður þeirra ákærðu Y og Eiríks. Ákærðu sögðu báðir fyrir dómi að þeir hefðu litið á C sem yfirmann sinn. Ef horft er á skráð gögn um félagið, þar sem C er bæði skráður stjórnarmaður og framkvæmdastjóri, má slíkt út af fyrir sig til sanns vegar færa. Annað mál er hins vegar hvort því hefur verið svo háttáð í raun. Fyrir dómi sagðist C hafa, vegna slyss, dottið alveg út og ekki komið að rekstri félagsins. Því hefur ekki verið andmælt í málinu að C hafi lent í alvarlegu slysi og má miða við það. Ákærði Eiríkur sagði að fyrirtækið hefði verið stjórnlaust. „Þarna voru starfsmenn í sjálfstöku launa og þetta var bara höfuðlaus þvæla.“

D sagði að talað hefði verið um að C væri hluti af stjórninni og að ákærðu Y og Eiríkur væru ekki æðstu stjórnendur, það væri einhver annar. D sagðist ekki hafa séð C vinna hjá félaginu en tók fram að hún hefði ekki alltaf verið þar. D sagði að ekki hefði verið skilgreint beint hver væri hennar yfirmaður, en þau þrjú, hún og ákærðu, hefðu verið „teymi“. Hún hefði verið í miklum samskiptum við ákærða Y og leitað ráða hjá honum, en ekki þekkja C.

Eins og rakið hefur verið sagði C fyrir dómi að hann hefði aldrei komið til starfa hjá félaginu. Eftir slysið hefði hann vart hugann að skyldum sínum þar. Þykir í raun ekkert haldbært hafa komið fram sem bendir til þess að C hafi svo máli geti skipt sinnt sínu skráða hlutverki.

Hvað sem kann að hafa vakað fyrir C þegar hann skráði sig sem stofnanda, stjórnarmann og framkvæmdastjóra B ehf., verður að telja ljóst í ljósi alls framanritaðs að hann hafi aldrei, svo máli skipti, komið til starfa hjá félaginu eða sinnt sínu skráða hlutverki, að stýra félaginu sem framkvæmdastjóri þess og stjórnarmaður.

Ákærði Y sagðist hafa þekkt C frá fornu fari. C sagði þá æskuvini. Ljóst er B ehf. er stofnað í framhaldi af því að félag ákærða Y, sem starfað hafði á sama vettvangi, fór í þrot. Ákærðu Y og Eiríkur komu báðir að stofnun B ehf. og ákærði Eiríkur var þar skráður varastjórnarmaður og annar prókúruhafa. Verður að telja að báðum hafi verið fullljóst að C sinnti ekki þeim hlutverkum sem hann var skráður til,

að vera framkvæmdastjóri og stjórnarmaður félagsins. Ekkert hefur komið fram sem bendir til að þeim hafi ekki verið kunnugt um það slys sem C varð fyrir og óhugsandi þykir að þeir hafi báðir starfað í félaginu þann tíma sem raun ber vitni, óafvitandi um að C væri í raun ekki við störf sem framkvæmdastjóri og stjórnarmaður. Þegar horft er til alls framanritaðs og þá sérstaklega þess að félagið var í raun nokkurs konar arftaki þess félags sem ákærði Y hafði áður rekið, þess að ákærði Eiríkur var ekki aðeins við full störf hjá félaginu heldur var hann frá stofnun og fram í maí 2020 einnig varastjórnarmaður og prókúruhafi félagsins, þess að ekkert bendir til að nokkur hærra settur en þeir hafi í raun verið við störf hjá félaginu, þess að þeir koma ítrekað fram fyrir hönd félagsins gagnvart viðskiptavinum og skrifa meðal annars undir verksamninga fyrir hönd félagsins, þykir verða að leggja til grundvallar að þeir hafi í raun verið stjórnendur félagsins á starfstíma þess, óháð formlegri skráningu. Verður með hliðsjón af öllu framanrituðu að leggja til grundvallar að sönnuð sé sú sök sem þeim er gerð í ákæru, að hafa sem daglegir stjórnendur félagsins vanrækt þau skil virðisaukaskýrslna og skilagreina og greiðslu þess virðisaukaskatts og staðgreiðslu sem greinir í ákæru. Er sök þeirra sönnuð samkvæmt ákæru og er rétt færð til refsheimilda. Við ákvörðun refsingar verður að horfa til þess að skattrannsóknarstjóri lauk rannsókn sinni og vísaði málinu til héraðssaksóknara 16. september 2021 og ákæra er gefin út rúmlega þremur árum síðar. Ákærða Eiríki hefur ekki verið gerð refsing áður. Með dómi Hæstaréttar Íslands, [...] 2022, var ákærði Y dæmdur í eins árs fangelsi fyrir brot gegn 1. mgr. 262. gr. laga nr. 19/1940 sbr. 2. mgr. 30. gr. laga nr. 45/1987 og 1. mgr. 40. gr. laga nr. 50/1988 og til greiðslu 84.797.000 króna sektar í ríkissjóð. Fullnustu fangelsisrefsingarinnar var frestað skilorðsbundið í þrjú ár. Þau brot sem ákærði er sakfelldur fyrir nú framdi hann fyrir uppkvaðningu þess dóms og verður honum gerður hegningarauki. Verður skilorðshluti dóms Hæstaréttar tekinn upp og ákærða gerð þar refsing í einu lagi, alls átján mánaða fangelsi, en rétt þykir að fullnustu þeirrar refsingar verði frestað og falli hún niður að liðnum tveimur árum haldi ákærði almennt skilorð. Loks verður ákærða gert að greiða 69.326.256 króna sekt í ríkissjóð en 360 daga fangelsi komi í stað sektarinnar verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna. Ákærði Eiríkur verður dæmdur til tíu mánaða fangelsis en fullnustu þeirrar refsingar frestað og falli hún niður að liðnum tveimur árum haldi ákærði almennt skilorð. Ákærði Eiríkur verður dæmdur til greiðslu 69.023.114 króna sektar í ríkissjóð en 360 daga fangelsi komi í stað sektarinnar verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna. Gögn málsins þykja ekki taka af tvímæli um þóknun sem kann að hafa verið greidd vegna verjandastarfa á rannsóknarstigi og verður ekki mælt fyrir um slíkan sakarkostnað. Ákærðu verður gert að greiða málsvarnarlaun verjenda fyrir dómi sem ákveðast svo sem í dómsorði greinir og hefur þá verið horft til umfangs málsins og tímaskýrslna verjenda og er virðisaukaskattur innifalinn. Gætt var 1. mgr. 184. gr. laga nr. 88/2008. Af hálfu ákæruvaldsins fór Ásmunda Björg Baldursdóttir aðstoðarsaksóknari með málið, Sveinn Andri Sveinsson lögmaður er verjandi ákærða Eiríks og Jón Örn Árnason lögmaður er verjandi ákærða Y. Þorsteinn Davíðsson kveður upp dóm þennan.

Dómsorð

Ákærði, Y, sæti fangelsi í átján mánuði. Fullnustu fangelsisrefsingarinnar skal frestað og niður skal hún falla niður að liðnum tveimur árum frá dómsuppsögu haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940.

Ákærði Y greiði 69.326.256 króna sekt í ríkissjóð en 360 daga fangelsi komi í stað sektarinnar verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna.

Ákærði Eiríkur Hilmarsson sæti fangelsi í tíu mánuði. Fullnustu fangelsisrefsingarinnar skal frestað og niður skal hún falla niður að liðnum tveimur árum frá dómsuppsögu haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940.

Ákærði Eiríkur greiði 69.023.114 króna sekt í ríkissjóð en 360 daga fangelsi komi í stað sektarinnar verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna.

Ákærði Y greiði 2.678.400 króna þóknun skipaðs verjanda síns, Jóns Arnar Árnasonar lögmanns.

Ákærði Eiríkur greiði 3.247.560 króna þóknun skipaðs verjanda síns, Sveins Andra Sveinssonar lögmanns.

